

Mánudaginn 1. nóvembermánaðar.
 Nr. 15/1897:

Árni Gíslason
 gegn

Gísla presti Kjartanssyni sem um-
 ráðamanni Fells í Mýrdal.

D ó m u r :

Með landamerkjadómi Skaptafellssýslu upp-
 kveðnum 27. júlímán. f. á., út af ágreiningi um
 landamerki milli prestssetursins Fells í Mýrdal og
 bændaæignarinnar Holts samastaðar, voru landa-
 merki milli tjeðra jarða ákveðin þessi: »Bein
 sjónhending úr Stóru-Kringlu, þegar hún er miðuð
 framan af mýrarjadrinum yfir rótina á Fellsfjalli
 að austan og fram úr mýrinni, 30 fadma út á aur-
 inn. Þaðan sjónhending fram í miðjuna á aurvík-
 inu milli graslenda, þar sem Raudilækur áður hef-
 ur runnið fram, og þaðan svo eptir beinni sjón-
 hending suður og fram aurana, til þess er hornið
 á Máfadrang sjest undan Skeiðflatarhlíðinni og
 innri brún Hrosshamra undan Kristínarkletti«. Skyldu
 merkjavörður reistar á tilnefndum stöðum
 á merkjum þessum. Hálf borgun til dómenda
 merkjadómsins, 57 kr., skyldi áfrýjandi greiða, en
 hálf borgun þessa auk málfutningskaups hins
 skipaða sækjanda af prestssetursins hálfu, 5 kr.,
 skyldi landssjóður greiða.

Þessum dómi hefur eigandi Holts, Árni sýslu-
 maður Gíslason í Krísuvík, áfrýjað til yfirdómsins
 með stefnu, dags. 23. marz þ. á., og krafizt þess,
 að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu

vísað heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, svo og að dómendur málsins allir fyrir einn og einn fyrir alla, eða stefndi, verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, er sem umráðamaður prestssetursins Fells hefur fengið gjafvörn fyrir yfirdóminum og skipaðan málflytningsmann, hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum eptir rjettarins mati, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflytningslaun til hins skipaða talsmanns hans fyrir yfirdóminum.

Eptir að landamerkjadómur 29. júní 1892 í máli þessu hafði með yfirrjettardómi 11. septbr. 1893 verið ónýttur og málinu vísað heim aptur fyrir lögleysu að efni til, sökum þess að merkjadómurinn í dómi sínum eigi hafði tekið neitt tillit til yfirrjettardóms um sömu þrætuspurningu, er uppkveðinn var 7. oktbr. 1867, hefur nú landamerkjadómur sá, er fyr er nefndur og i.ú er áfrýjad, byggt dóm sinn á nefndum yfirrjettardómi 7. okt. 1867 og úrskurðað samkvæmt honum, að hin umþrættu landamerki milli hjer umræddra jarða, Fells og Holts í Mýrdal, skuli vera: »Rauðilækur svo langt sem hann nær og úr botni Rauðalækjar (fyrir framan Högnavöll) beina stefnu í Stóru-Kringlu. En með því að Rauðilækur er nú horfinn og engin vissa lengur fyrir, hvar farvegur hans eða einkum upptök hans (botni) og mynni

hafi verið, hefur merkjadómurinn við ítrekaða skoðun á staðnum áætlað um legu þessara örnefna, hvar sennilegast væri að telja þau, og hefur hann á þeirri áætlun byggt merkin, er sett eru í hinum áfrýjanda dómi og að framan eru greind.

Áfrýjandi hefur talið það lögleysu í hinum áfrýjanda dómi að merkjadómurinn hefur, eptir áætlun sinni um upptök Raudalækjar, ákveðið, að þau skuli álitast hafa verið nokkuð austar eða nær Holti en áfrýjandi telur rjett vera, og heldur hann (áfrýjandi) því fram, að upptökin muni hafa verið í svokölluðu Högnavallardýi. Fyrir þessu hefur áfrýjandi þó eigi getað fært neinar sannanir, en gegn áliti hans í þessu tilliti kemur það aptur á móti til greina, að merkjalínan frá Raudalækjarupptökum í toppinn á Stóru-Kringlu er, eptir skilríkjum þeim, er Holtseigandi hefur framlagt í málinu, talin ýmist »bein stefna« milli þessara örnefna eða »sjónhending« milli þeirra, en frá Högnavallardýi sjest ekki næsta merkjaörnefnið, Stóra-Kringla eða toppur hennar, og eptir því sem málsskjölin bera með sjer, virðist yfir höfuð eigi vera hægt að hafa merkjalínuna vestar, eða fjær Holti og nær Felli, en gjört er í merkjadóminum, nema með því móti, að Fellsfjallið eða hlíðar þess beri milli merkjaörnefna þessara, Stóru-Kringlu og Raudalækjarbotna, en þetta yrði yfirdómurinn að álíta óeðlilega og ólíklega niðurstöðu um afstöðu merkjaörnefnanna, hvors til annars.

Með því að áfrýjandi hefur þannig eigi fært sönnur á að merkjadómurinn hafi í nefndu atriði gjört sig sekan í lögleysu í dómi sínum, og með því að eigi virðist heldur verða að dóminum fundið í öðrum atriðum, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og málflutningslaun til hins skipaða talsmanns stefnda, er ákveðaðst 15 kr., að greiðast úr landssjóði. Málsfærslan af hendi hins skipaða talsmanns stefnda hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskadur. Málskostnaður fellur niður og málflutningslaun hins skipaða talsmanns prestsetursins, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 15 krónur, greiðist úr landssjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 14/1897:

Pjetur S. Klemensson
gegn
Sigurði Eiríkssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í hjeradi áfrýjandinn gegn stefnda til skadabóta fyrir rot á samningi um húsaleigu þeirra á milli og ólöglegan útburð úr